

# STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1991

---

5. nóvember 1991

1029

Nr. 528

## AUGLÝSING

um frádrátt vegna íss í afurðum frystiskipa.

1. gr.

Við löndun úr frystiskipum skal veða hverja framleiðslutegund, eða hluta hennar, sérstaklega á hafnarvog í löndunarhöfn samkvæmt ákvæðum 12. gr. reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávaraflla. Heildarþungi á hafnarvog, að frádrögnum umbúðum og pöllum, skal lagður til grundvallar útreiknings á afla skipsins samkvæmt reglum um nýtingarstuðla og ís í umbúðum.

2. gr.

Margföldunarstuðull fyrir ís í umbúðum og afurðum er eftirfarandi:

1. Flök án umbúða 0,98.
2. Heill fiskur án umbúða: Grálúða 0,97 og karfi 0,96.

3. gr.

Reikna skal út afla frystiskipa þannig:

	Heildarþungi framleiðslunnar sem veginn er á hafnarvog
–	Umbúðir og pallar
=	Brúttóþyngd framleiðslu
x	Margföldunarstuðull fyrir ís í umbúðum og afurðum
=	Nettóþyngd framleiðslunnar
x	Nýtingarstuðull
=	Veiddur afli.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett saman samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. nóvember 1991.*

F. h. r.  
**Árni Kolbeinsson.**

*Arndís Steinþórsdóttir.*